

10. fundur stjórnar

Starfsárið 2025-2026

9. september 2025

Viðstödd eru: Bjarndís, Hrönn, Jóhannes, Leifur, Sveinn, Vera, Bergrún (skrifstofustjóri), Siggja Ösp (áheyrnarfulltrúi)

Fundargerð ritar: Vera Illugadóttir

Fundur settur: 16:05.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Stjórn samþykkir fundargerð síðasta stjórnarfundar.

2. Hinsegin kaupfélagið

Magnús rekstrarstjóri kemur á fundinn. Hann hefur séð um Hinsegin kaupfélagið. Síðastliðin eitt og hálft ár hefur kaupfélagið vaxið umtalsvert og hagsmunafélög á borð við Trans Vini, Trans Ísland og fleiri ný sýnt áhuga á að fá að selja vörur í gegnum kaupfélagið í umboðssölu. Slíku myndi þó fylgja talsvert meira umstang. Magnús spyr hver sé afstaða stjórnar til þess? Stjórn ræðir, og ákveður að neita hagsmunafélögum um umboðssölu á vörum í Kaupfélaginu að þessu sinni. Nauðsynlegt er að mynda stefnu um Kaupfélagið, rekstur þess og framtíð. Magnús kemur með tillögur í þá átt á þar næsta stjórnarfundum.

Magnús fer af fundi.

3. Samstöðufundur og félagsfundur

Tölvupóstur barst um hvort halda ætti samstöðufund vegna neikvæðrar umræðu um hinsegin fólk í samfélaginu að undanfögnu. Bjarndís spyr hvort þörf sé á einhverskonar fundi eða samverustund. Stjórn ræðir. Hrönn stingur upp á að sameina slíkt félagsfundum Samtakanna að hausti. Ákveða þarf einnig dagsetningu og dagskrá félagsfundarins.

4. Vinnuhelgi stjórnar og starfsfólks

Stjórn og skrifstofustjóri ræða vinnuhelgi.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið: 16:53